

**Stjórn byggðasamlags UTU - 116. fundur  
haldinn á Teams, miðvikudaginn 13. nóvember 2024  
og hófst hann kl. 10:30**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

**1. Stjórn UTU**

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur endurskipað í stjórn, Ásu Valdísi Árnadóttur sem aðalmann og Björn Kristinn Pálmarsson til vara.

*Lagt til að Helgi Kjartansson verði varaformaður í stað Björn Kristinn Pálmarsson.*

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Minnisblað vegna reksturs seyruverkefnisins**

Lagt fram minnisblað sem KPMG tók saman vegna innheimtu verkefna sem tengjast seyruverkefninu.

*Stjórn gerir ekki athugasemd við niðurstöður fyrirliggjandi minnisblaðs.*

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Tilboð KPMG um endurskoðun á rekstri UTU**

Lagt fram tilboð frá KPMG.

Stjórn samþykkir að fá KPMG í verkið. Formanni, Helga og Ásu Valdísi falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

*Samþykkt samhljóða.*

**4. SATS 2025**

Lögð fram beiðni frá Haraldi Birgi Haraldssyni, stjórnarmanni Samtaka tæknimanna sveitarfélaga (SATS) um að vofundur SATS verði haldinn á starfssvæði UTU. Reikna má með allt að 100-120 manns og flestir þurfa gistingu.

SATS greiðir 750 þúsund kr. í styrk til að minnka kostnað við utanumhald hjá gestgjafa. Vorfundurinn er í tvo daga og finna þarf aðila sem koma á fundinn, fyrirtæki sem vilja bjóða heim, kosta þarf rútur í skoðunarferðir, veitingar og fl. Gert er ráð fyrir að fyrra kvöld ráðstefnunnar sé í boði gestgjafa ráðstefnunnar, SATS bíður á seinna kvöldið.

*Stjórn samþykkir að UTU verði gestgjafi vorfundar SATS 2025 og að fundurinn verði haldinn á starfssvæði embættisins, skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.*

*Samþykkt samhljóða.*

## **5. Fjárhagsáætlun UTU 2025-2028**

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2025.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um tæp 9 % á milli ára og verði um 293,0 millj. kr. árið 2025, þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum samkvæmt samþykktum hlutföllum að upphæð 263,7 millj. kr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma m.a. tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.

Við gerð fjárhagsáætlun var stuðst við ársreikning ársins 2023, fjárhagsáætlun ársins 2024 auk upplýsinga úr bókhaldi embættisins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2024.

Fjárhagsáætlunin tekur tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana sem og vísitöluhækkunar launa. Gert er ráð fyrir að ein bifreið embættisins verði endurnýjuð síðari hluta ársins þar sem lagðar verði út 5 millj. kr. Gert er ráð fyrir endurnýjun á kalkara ásamt kaupum á nýjum móttökubúnaði á Seyrustöðum, heildar kostnaður við kaupin eru áætluð 22,5 millj. kr. en gert er ráð fyrir að 5 millj. kr. vegna kaupanna lendi á núverandi rekstrarári því eru á áætlun fyrir árið 2025 17,5 millj. kr. vegna fjárfestingarinnar.

Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2025 og vísar henni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

*Samþykkt samhljóða.*

## **6. Önnur mál**

Samþykkt að breyta lokun á skrifstofu UTU yfir sumartímann úr fjórum vikum í þrjár en á móti að loka skrifstofunni á milli jóla og nýjárs, þar sem starfsemin hefur verið í algjöru lágmarki á þeim tíma og vinsælt hefur verið hjá starfsmönnum að taka sér orlofsdaga á milli jóla og nýjárs.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05**

---

Helgi Kjartansson

---

Walter Fannar Kristjánsson

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Jón Bjarnason

---

Haraldur Þór Jónsson

---

Ísleifur Jónasson


# Undirritunarsíða

Formaður  
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 10:53:59  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Varaformaður  
Helgi Kjartansson



Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 21:00:15  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður  
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:  
Ísleifur Jónasson  
1205754309  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 11:33:25  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður  
Jón Bjarnason



Undirritað af:  
Jón Bjarnason  
2501932629  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 20:39:20  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður  
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:  
Walter Fannar  
Kristjánsson  
0609892229  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 10:04:04  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc

Aðalmaður  
Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:  
Ása Valdís Árnadóttir  
3004825119  
Dags: 14.11.2024  
Tími: 11:47:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: f020cbb0-65cd-4a5d-8eeb-4911c12e7ecc